

Ed.

150. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason. Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

1. málsgr. 35. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðir greiða hver um sig í sjóð sjúkrasamlaga $\frac{1}{3}$ greiddra iðgjalda, þó ekki yfir 12 kr. fyrir hvern tryggðan mann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma til framkvæmda frá 1. jan. 1943.

Greinargerð.

Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur ákveðið iðgjöld sín í trausti þess, að framlög hins opinbera yrðu aukin. Í tilefni af því er frumv. þetta fram borið.

Ríkissjóður hefur varið tugum milljóna króna til þess að vinna móti dýrtíðinni. Virðist þá sjálfsgt, að tækifærið sé notað til þess að endurbæta alþýðutryggingarnar og lækka á þann hátt framfærslukostnað manna. Það er þó síður en svo, að farið sé fram á stór fjárframlög með frumv. þessu.

Sjúkrasamlag Reykjavíkur er langstarsti aðilinn, sem hér kemur til greina. Framlög hins opinbera til þess eru nú í hámarki, sem er 10 kr. að viðbætti verðlagsuppbót frá hvorum aðila. Hækkunin til S. R. mundi því nema 2 kr. frá hvorum aðila, að viðbætti verðlagsuppbót, eða nokkuð á annað hundrað þúsund krónur á ári, miðað við núgildandi vísitölu. En tekjuaukning samlagsins mundi alls nema nokkuð yfir 250 þúsund kr.

Hækkunin úr 25% greiddra iðgjalda upp í $\frac{1}{3}$ mundi ekki koma til greina að því er snertir S. R., þar sem framlög til þess mundu ná hámarki, 12 kr., fyrir hvern tryggðan mann. Hins vegar er nauðsynlegt að hækka hundraðshlutann, til þess að samlagið þurfi ekki að hafa iðgjöldin óeðlilega há til þess að ná hámarkinu.